



VERKEFNI & ÁRANGUR SJÁVARKLASANS Á ÁRINU 2019

Íslenski sjávarklasinn hófst sem rannsóknarverkefni í Háskóla Íslands árið 2010, en verkefnið hófst á því að kortleggja alla þá starfsemi sem snýr að hafinu í kringum Ísland, allt frá hefðbundnum fiskveiðum og fiskvinnslu, rannsóknum og nýsköpun, til líftækni og hátækniframleiðslu, flutningastarfsemi, fjármálastarfsemi og viðgerðar- og viðhaldsþjónustu. Kostir þess að kortleggja Sjávarklasann fólust ekki síst í því að sýna fram á tengsl ólíkra greina og benda á möguleika og tækifæri til frekara samstarfs.

Fljótt tóku leiðtogar nokkurra stærstu fyrirtækja á Íslandi að koma í bakhjarlahóps þessa verkefnis. Þar voru fremst Íslandsbanki, Brim Seafood, Faxaflóahafnir, TM, Skinney Þinganes, Síldarvinnslan, Icelandair Cargo, Mannvit, Samhentir og Eimskip. Í kjölfar stofnunar Sjávarklasans fjölgaði samstarfsaðilum hratt og verkefnið formfestist. Stórt skref til frekari uppbyggingar var stigið árið 2012 er klasinn flutti starfsemi sína að Grandagarði 16. Í upphafi voru fyrirtækin í Húsi Sjávarklasans 10 talsins, en óhætt er að fullyrða að með tilkomu Húss Sjávarklasans hafi starfsemin komist á fulla ferð. Fjölmörgum verkefnum var hrundið af stað. Fyrstu fyrirtækin voru sett á stofn, verkefnahópar voru settir á laggirnar, greiningar unnar, stofnað til alþjóðlegs samstarfs og fyrsta frumkvöðlasetrið var opnað.

Árið 2019 var enn eitt farsælt starfsár í sögu Íslenska sjávarklasans. Sem fyrr höfum við lagt kapp á að hlúa að frumkvöðlastarfi sem tengist sjávarútvegi og hliðargreinum hans. Um leið eru mörg önnur brýn verkefni sem klasinn hefur unnið að sem hér verða nefnd.

Íslenski Sjávarklasinn hefur sannað sig sem suðupottur hugmynda. Fyrirtæki tengd þjónustu og nýsköpun eru undir sama þaki og leita áfram nýrra tækifæra og þróa nýjar afurðir.

Hér verða rakin helstu verkefni Íslenska sjávarklasans á árinu 2019.

Ekki er sérstaklega fjallað um einstök samstarfsverkefni við fyrirtæki en þau eru fjölmörg. Mörg lúta þau að því að efla samstarfsnet fyrirtækjanna á svæðum utan Íslands sem klasinn hefur haft tengsl við eða stofnað systurklasa. Þá hafa yfir 1200 einstaklingar heimsótt klasann og hafa þessir aðilar sóst eftir að hitta einstök fyrirtæki og hefur klasinn haft milligöngu um á þriðja tug heimsókna. Aðilar tengdir sjávarútvegi frá yfir 20 þjóðlöndum heimsóttu klasann árið 2019.

Bak við yztu sjónarrönd


Á árinu vann starfsfólk klasans að útgáfu nýs rits sem kom út í byrjun vetrar og nefndist „Bak við yztu sjónarrönd“. Markmið ritsins er að verða eins konar leiðarvísir um bláa hagkerfið á Íslandi og benda á þau fjölmörgu tækifæri sem felast í hafsæknum greinum hérlendis. Bláa hagkerfið (öll starfsemi sem við kemur hafinu í kringum Ísland), getur þrefaldast að umfangi á næstu tveim áratugum. Í bláa hagkerfinu felast því mörg tækifæri til að skapa verðmæti og áhugaverð störf til framtíðar.

Bróðurpartur veltu bláa hagkerfisins í dag er tengdur hefðbundnum sjávarútvegi. Að mati Sjávarklasans kann að vera að allt að helmingur veltu bláa hagkerfisins sé lítið eða ekkert tengdur sjávarútvegi innan 20 ára. Nýjar atvinnugreinar, sem nýta auðlindir hafsins, munu skjóta enn frekar rötum og verða fyrirferðarmiklar á komandi árum ef rétt er á málum haldið.

Í ritinu gefa 26 sérfræðingar og frumkvöðlar álit sitt á framtíð bláa hagkerfisins og þeim tækifærum og ógnunum sem það stendur frammi fyrir. Tækifærin liggja m.a. í aukinni fiskirækt, líftækni, fullvinnslu aukaafurða, vaxandi stofnum nýrra veiðitegunda við Ísland eins og skelfiski, nýtingu þara og ræktun þörunga svo eitthvað sé nefnt. Ógnanirnar felast fyrst og fremst aukinni mengun í hafinu í kringum Ísland, hitnun og súrnun sjávar og plastmengun.

Í ritinu eru nefnd nokkur atriði sem leggja ber kapp á til að efla enn frekar bláa hagkerfið. Þar er m.a. nefnt mikilvægi þess að Íslendingar skynji þau tækifæri sem felast í því að taka sér stöðu sem forystuland í nýsköpun og umhverfisvernd. Þá þarf að efla rannsóknir og menntun á þessum sviðum, styrkja enn frekar samkeppnissjóði, treysta hafréttarlega stöðu Íslands og efla nýsköpunar- og frumkvöðlaumhverfið hérlendis.

Aðalhöfundar ritsins eru þeir Þór Sigfússon og Þórlindur Kjartansson. Ritið má nálgast á www.sjavarklasinn.is





Sjávarklasinn hefur öðlast mikla reynslu á sviði klasastarfsemi sem gaman er að miðla af. Fyrst ber að nefna að klasinn hefur unnið náið með Landbúnaðarklasanum og átti Sjávarklasinn m.a. frumkvæði að nýjum viðskiptahraðli “Til sjávar og sveita” sem tókst feykilega vel. Forystu þar hafði ásamt okkur Icelandic startups. Þá stofnaði klasinn Hús ferðaklasans árið 2018 en húsið komst að fullu í rekstur Íslenska Ferðaklasans í febrúar 2019. Það var skemmtilegt að vinna að því verkefni og með frábæru teymi Ferðaklasans.

Loks stofnuðum við Fjártækniklasann á árinu ásamt Gunnlaugi Jónssyni, en þessi nýi klasi hefur tekið mikið og flott stökk á skömmum tíma. Við viljum vera í forystu í uppbyggingu klasa sem leið til að efla nýsköpun og samstarf fyrirtækja um vaxtargreinar á Íslandi.

Fyrsta klasahúsið utan Íslands að verða að veruleika

Utan Íslands hefur klasinn sett mark sitt á klasastarfsemi tengda sjávarútvegi. Á fyrstu mánuðum ársins 2019 hefur verið unnið að undirbúningi fyrsta klasahússins utan Íslands sem áætlað er að opni í Portlandborg í Maine fylki í október á þessu ári. Við teljum að opnun þessa húss í Bandaríkjunum muni verða mikil umbreyting til hins betra á tækifærum íslenskra frumkvöðla og útflytjenda í Bandaríkjunum. Tenging frumkvöðlanna við klasann ytra og tengslanetið og aðstaðan sem þar skapast getur greitt götur marga okkar frumkvöðla.

Starfsemi annarra klasa eins og Seattle getur sömuleiðis opnað áhugaverð tækifæri. Meðstofnandi okkar að klasanum á vesturströnd Bandaríkjanna, Lára Hrönn Pétursdóttir, hefur unnið að krafti við að byggja upp tengslanet á svæðinu sem styrkist með hverjum deginum.

Viðræður við fyrirtæki í Bandaríkjunum um nýjan dótturklasa

Viðræður hafa staðið yfir við fulltrúa háskóla í einu fylki á austurstönd Bandaríkjanna um opnun klasa og hafa þær viðræður gengið vel.



Flutningaráðstefnan 5 ára

Hópur fyrirtækja sem tengjast flutningum til og frá og á Íslandi hefur verið einn öflugasti hópur stærri fyrirtækja í klasanum. Hópurinn hefur að markmiði að klasa alla starfsemi sem tengist samgöngumálum og efla þannig skilning milli ólíkra fyrirtækja sem hafa þó eitt markmið; að efla Ísland sem flutningaland.

Þessi hópur hefur staðið fyrir árlegum fundi „Flutningalandið Ísland“ sem var haldinn í Hörpu í nóvember. Á fimm ára afmælinu var ráðstefnan flutt í Kaldalón vegna fjölda þátttakanda og er það mat hópsins að ný staðsetning er komin til að vera.

Tækifærin í útrás

Eitt af því, sem stefnt er að verði afrakstur uppbyggingar alþjóðlegs nets klasa sem tengjast Íslenska sjávarklasanum, eru möguleg fjárfestingarverkefni utan Íslands þar sem þekking samstarfsaðila klasans í sjávarútvegi eða fjármögnun honum tengd, getur gagnast á öðrum svæðum. Á fyrri hluta ársins var unnið skipulega að fyrsta slíka verkefninu og mun liggja fyrir síðar á árinu hvort af því verður.

Erlend ráðgjöf og samskipti

Sérfræðingar klasans hafa flutt erindi erlendis á all mörgum stöðum á árinu. Eftir því sem klasinn breiðir meira út boðskap sinn erlendis virðist lítið lát ætla vera á áhuga fyrir klasanum og hugmyndafræði hans. Klasinn vinnur nú að verkefni fyrir Norðurlandaráð um hvernig byggja megi fleiri nýsköpunarhús í líkingu við Hús sjávarklasans annars staðar á Norðurlöndum og eru forystumenn hafnarinnar í Kaupmannahöfn væntaleg í heimsókn til klasans í byrjun febrúar til að kynna sér betur starfsemina. Þá komu forystumenn Seattlehafnar í heimsókn í klasann fyrr á árinu í sama tilgangi.

Útungunin heldur áfram

Mörg af þeim fyrirtækjum sem klasinn hefur sett á laggirnar í samvinnu við ýmsa aðila hafa gengið vel. Marine collagen hefur fullan rekstur í september, Mathallir Reykjavíkur hafa gengið vel, Codland heldur áfram að sigla farsællega nær 100% nýtingu þorsksins, Reykjavík Foods, sem hóf niðursuðu á laxi, hefur verið mikið lærdómsferli fyrir þann hóp sem stendur að því verkefni, Ocean Excellence stendur að áhugaverðum verkefnum í þróunarríkjum og áfram mætti telja. Öll þessi verkefni skila aukinni þekkingu og reynslu í klasastarfsemina.

Klasinn hefur lagt mikla áherslu á að sinna ungu fólki sem hefur áhuga á stofnun fyrirtækja eða að koma hugmyndum í framkvæmd. Klasinn hefur staðið öflugt að baki JA frumkvöðlaverkefninu þar sem framhaldsskólanemendum er boðið að taka þátt í nýsköpunarfræðslu. Hundruðir nemenda hafa tekið þátt í þessu verkefni og hugmyndirnar sem snúa að sjávarútvegi eru fjölmargar. Við munu halda ótrauð áfram að vinna að því verkefni enda hefur það verið afar gefandi og skemmtilegt.

Frumkvöðlasetur í Húsi Sjávarklasans, sem eru studd af nokkrum fyrirtækjum, hafa sjaldan verið kraftmeiri en á árinu 2019. Í þessum frumkvöðlasetrum býðst hagstæð aðstaða fyrir frumkvöðla og um þessar mundir eru all mörg fyrirtæki – framtíðarMarel – með aðstöðu.

Aldrei fleiri heimsóknir í húsið

Aldrei áður hafa heimsóknir í Hús sjávarklasans verið fleiri. Fjölmargir ráðherrar og embættismenn frá Norðurlöndum, Skotlandi og víðar hafa heimsótt húsið ásamt sendiherrum fjölmargra ríkja. Atvinnuveganefnd Alþingis kom einnig til að kynna sér starfsemina.

Í tengslum við Arctic Circle ráðstefnuna komu fjölmargir erlendir gestir í Hús sjávarklasans. Gestir frá Kyrrahafinu með sjávarútvegsráðherra Fiji í fararbroddi kynntu sér starfsemi klasans og voru ýmis tækifæri rædd. Gestir frá Frakklandi, Norðurlöndunum og Bandaríkjunum fengu einnig kynningu og ávalt vekur verkefnið 100% fish mikla athygli.

Fylkisstjóri Maine Janet T. Mills kom ásamt fylgdarliði ráðamanna í Portland en tilgangur hennar heimsóknar var að skoða Hús sjávarklasans í tilefni væntanlegrar þunnar sambærilegs hús í Maine. Fylkisstjórinn hafði á orði hversu spennnt hún væri fyrir því að sjá sambærilegt módel loksins verða að veruleika í Maine og þakkaði Íslenska sjávarklasnum fyrir að hafa komið með fullnýtingarhugsunina yfir hafið. Að heimsókn lokinni bauð hún öllum frumkvöðlum hússins upp á súpu og brauð með sér og heyrði hvað þeir höfðu að segja.

Grandi fiskmarkaður opnaður

Hús sjávarklasans opnaði nýtt rými á jarðhæð sem er hugsað sem kynningar- og viðburðarými. Það nefnist Fiskmarkaðurinn Granda. Þar er m.a. staðsett sjálfsafgreiðsluverslun þar sem seldar eru vörur frumkvöðla og þar er jafnframt kynnt hugmyndafræði klasans um 100% fiskinn og Fiskmarkað Íslands.



Sérstakar viðurkenningar

Klasinn veitti viðurkenningar til fólks eða fyrirtækja sem eflt hefur fyrir samstarf innan klasans. Þeir sem hlutu viðurkenningarnar eiga það sameiginlegt að hafa stuðlað að öflugra samstarfi fólks innan sjávarklasans á Íslandi og stuðlað að aukinni verðmætasköpun í því frumkvöðlasamfélagi sem hefur verið til staðar í Húsi sjávarklasans.

Það sem einkennir fyrst og fremst þá sem hljóta viðurkenningarnar að þessu sinni, er að þessir aðilar hafa hver á sinn hátt leitt margháttað samstarf sem eflt hefur frumkvöðlasamfélagið innan Sjávarklasans.

Í fyrsta lagi hlaut starfsfólk **Matís** viðurkenningu fyrir öflugt samstarf við fjölmörg frumkvöðlafyrirtæki innan Sjávarklasans.

Í öðru lagi hlutu þau hjónin **Linda Björk Ólafsdóttir og Bogi Þór Siguroddsson** fjárfestar viðurkenningu fyrir að taka virkan þátt í uppbyggingu frumkvöðlafyrirtækja í Húsi sjávarklasans.

Í þriðja lagi hlaut félagið **Konur í sjávarútvegi** viðurkenningu fyrir að stuðla að auknu samstarfi kvenna innan sjávarútvegs og auka umræðuna um mikilvægi fjölbreytni til þess að auka verðmætasköpun.

Í fjórða lagi fékk **Bala Kamallakharan** stofnandi Startup Iceland viðurkenningu fyrir óþrjótandi áhuga á að tengja saman frumkvöðla innan Sjávarklasans.

Klasinn hlaut einnig tilnefningar á árinu sem við vorum afar stolt af.

Í tilefni 10 ára afmælis Sjávarútvegsráðstefnunnar voru Hvatningarverðlaun Sjávarútvegsráðstefnunnar og TM veitt í fyrsta sinn. Markmiðið með veitingu Hvatningarverðlaunanna er að hvetja ung fyrirtæki og frumkvöðla til dáða, stuðla að nýbreytni og vekja athygli almennings á gildi nýsköpunar og þróunar í sjávarútvegi.

Íslenski sjávarklasinn var tilnefndur fyrir stuðning við nýsköpun og samvinnu hinna ýmsu aðila innanlands og utan ásamt vitundarvakningu á Íslandi á mikilvægi og fjölbreytileika starfsemi sem er tengt sjávarútvegi. Voru Codland sem stofnað var í Sjávarklasnum og Niceland einnig tilnefnd og hlaut Niceland Svifölduna.

Við þökkum tilnefninguna og óskum verðlaunahöfum til hamingju ásamt öllum þeim er vinna að stöðugri nýsköpun og þróun í sjávarútvegi.



Öflug útgáfa

Klasinn hefur gefið út átta greiningar á árinu 2019 sem fjalla m.a. um rússnesku tæknibyltinguna í sjávarútvegi, fullvinnslu, markaðsmál, veltu ólíkra greina til framtíðar o.fl. Sumar þessara greininga hafa verið unnar í nánu samstarfi við Arctica Finance. Við erum að nálgast eitt hundrað greiningar frá stofnun klasans árið 2011.

Ísland 2052

Sjávarklasanum bauðst að skrifa um framtíð hafsins í bókina „2052 – Svipmyndir úr framtíðinni. „ Í bókinni er fjallað um ýmis mikilvæg málefni er varða Ísland framtíðarinnar. Sjávarklasinn fjallaði auðvitað um þorsk framtíðarinnar!

Árið 2020

Árið 2019 var kraftmikið ár í starfemi Sjávarklasans. Við erum með ýmis verkefni í farvatninu fyrir árið 2020 sem við ætlum að koma í framkvæmd. Allt hvílir þetta þó á áhuga okkar samstarfsaðila á því að halda áfram að móta Ísland sem kraftmikið nýsköpunarland í bláa hagkerfinu.

